

Íþróttafrek heiðruð í Rangárþingi ytra



Viðurkenningshafar fyrir íþróttafrek og framúrskarandi störf ársins ásamt íþróttakonu og íþróttamanni ársins 2025. Mynd: Rangárþing ytra.

Laugardaginn 10. janúar fór fram hátíðleg athöfn þar sem Rangárþing ytra heiðraði íþróttafólk sveitarfélagsins fyrir framúrskarandi árangur og öflugt starf á árinu 2025. Þar var kastljósinu beint að þeim fjölmörgu einstaklingum sem hafa náð glæsilegum árangri á íþróttasviðinu og jafnframt verið öðrum til fyrirmyndar.

Veittar voru viðurkennningar fyrir íþróttafrek í ýmsum íþróttagreinum, þar sem hópur af efnilegu íþróttafólki frá Rangárþingi ytra fékk viðurkenningu fyrir íþróttafrek sinn.

Meistaraflokkur KFR átti sögulegt tímabil með að fara upp um deild og fékk því viðurkenningu fyrir framúrskarandi liðsárangur. Guðmundur Jónsson tók á móti viðurkenningunni fyrir hönd Meistaraflokks KFR.

Þá var einnig horft til þeirra

sem unnu framúrskarandi störf í þágu íþróttar- og tómstundastarfs 2025. Það voru þau Jónína Lilja Pálmadóttir fyrir uppbyggingu hestafimleika á Hellu og Viðar Rúnar Guðnason fyrir öflugt starf hjá Skyttunum og uppbyggingu barna- og unglingastarfs.

Heiðursverðlaun Rangárþings ytra hlaut Dagný Brynjarsdóttir fyrir einstakan knattspyrnuferil og fyrirmyndarhlutverk.

Að lokum voru valin íþróttakona og íþróttamaður ársins 2025. Jón Ársæll Bergmann hestaiþróttamaður er íþróttamaður ársins 2025. Helga Fjóra Erlendsdóttir frjálsíþróttakona er íþróttakona ársins 2025.

Rangárþing ytra lýsir miklu stolti af sínu íþróttafólki og horfir bjartsýnt til nýs og spennandi íþróttarárs. SEG

Ný líkamsrækt opnar fljótlega

Undirbúningur stendur nú yfir fyrir opnun nýrrar og glæsilegrar líkamsræktarstöðu í Grímsnes- og Grafningshrepps. Aðstaðan hefur verið hönnuð með fjölbreytta

notkun í huga og verður búin nýjustu tækjum og búnaði til að mæta þörfum íbúa á öllum aldri.

Nánar má lesa um nýju líkamsræktina á bls. 2.



Mynd: Grímsnes- og Grafningshreppur.

Heiðrún Anna og Heiðar Snær íþróttafólk Árborgar

Fullt hús var á uppskeruhátíð fræðslu- og frístundanevndar Árborgar en tuttugu og fjögur voru tilnefnd sem Íþróttafólk Árborgar 2025.

Það var mikil stemning á Hótel Selfossi í gær þegar hátt í hundrað afreksíþróttafólk í Árborg veittust viðurkennningar fyrir árangur í sinni grein á árinu. Íþróttakona- og karl ársins 2025 eru að þessu sinni bæði úr Golfklúbbi Selfoss.

Íþróttakona Árborgar 2025 er Heiðrún Anna Hlynisdóttir, í öðru sæti varð Védís Huld Sigurðardóttir hestaiþróttakona og í þriðja sæti Eva María Baldursdóttir frjálsíþróttakona.

Íþróttakarl Árborgar 2025 er Heiðar Snær Bjarnason, í öðru sæti varð Egill Blöndal júdó-



Mynd: Sveitarfélagið Árborg.

maður og í þriðja sæti hestaiþróttamaðurinn Sigursteinn Sumarliðason.

Sérstök hvatningarverðlaun fræðslu- og frístundanevndar

voru veitt Dansakademíunni á Selfossi fyrir kröftugt barna- og unglingastarf.

Sveitarfélagið Árborg

Fáðu fagmann í verkið

PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

Framúrskarandi fyrirtæki 2020-2025

NÝR TOYOTA PROACE



Toyota Selfossi
Fosnesi 14
480 8000

Toyota
Selfossi



Gagnheiði 17, 800 Selfoss | Sími 482 1944 | selfoss@prentmetoddi.is | www.prentmetoddi.is

Súperlagnir er alhliða þjónustufyrirtæki á sviði pípulagna á Selfossi

SÚPERLAGNIR

VIÐ TÖKUM AÐ OKKUR STÓR SEM SMÁ VERKEFNI

Símin hjá okkur er 664-8892 eða senda verkbeiðni á superlagnir@superlagnir.is



AÐALSKOÐUN

Er kominn tími á skoðun?



Eyravegur 51, 800 Selfoss
Sími 590-6996



VILT ÞÚ Hafa Áhrif Á
NÆRSAMFÉLAGIÐ ÞITT?

Framsóknarfélag Árborgar auglýsir eftir framboðum og tilnefningum á lista félagsins fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar, 16. maí 2026.

Framboðum og tilnefningum skal skila á netfangið arborg@framsokn.is

Framboðsfrestur rennur út föstudaginn 23. janúar kl.12:00.

Við tökum vel á móti þér!
Framsókn í Árborg

Ný líkamsrækt opnar fljótlega

Undirbúningur stendur nú yfir fyrir opnun nýrrar og glæsilegrar líkamsræktaraðstöðu í Grímsnes- og Grafningshrepps. Aðstaðan hefur verið hönnuð með fjölbreytta notkun í huga og verður búin nýjustu tækjum og búnaði til að mæta þörfum íbúa á öllum aldri.

Í líkamsræktinni verða hágæða þrek- og styrktartæki frá Life Fitness, ásamt vönduðum lyftingabúnaði frá Hreysti. Þar verður góð aðstaða fyrir styrktarþjálfun, þar á meðal ólympískar lyftingar og aðrar sérhæfðar æfingar.

Einnig verður í boði sérstakur yoga- og þreksalur sem opnar á fjölbreytta möguleika fyrir hópþjálfun, námskeið og skipulagða heilsuefingu. Í heild er lögð áhersla á sveigjanleika og aðstöðu sem nýtist bæði einstaklingum og hópum.

Í líkamsræktaraðstöðunni er jafnframt gert ráð fyrir rými fyrir heilsutengda starfsemi, svo sem sjúkrahjálfun, nudd eða aðra meðferðartengda

þjónustu, sem styrkir enn frekar heildstæða nálgun á heilsu og vellíðan.

Lögð er áhersla á að gjaldskrá líkamsræktarinnar verði hagstæð fyrir notendur íþróttamiðstöðvarinnar. Með því vill sveitarfélagið tryggja gott aðgengi að heilsuefandi þjónustu og hvetja íbúa til reglulegrar hreyfingar og virks lífsstíls.



Með uppbyggingu nýrrar líkamsræktaraðstöðu er markvisst verið að ýta undir lýðheilsu, forvarnir og bætt lífsgæði íbúa. Aðgengileg og vönduð aðstaða skapar tækifæri fyrir fólk á öllum aldri til að stunda hreyfingu, efla líkamlega og andlega heilsu og stuðlar þannig að sterkari og heilbrigðara samfélagi.

Nú er beðið eftir lokaúttekt og afgreiðslu umsóknar um viðbótarleyfi frá heilbrigðisefirliti. Að þeim ferlum loknum verður hægt að opna aðstöðuna formlega. Nánari upplýsingar um opnun og þjónustu verða kynntar þegar nær dregur.

Grímsnes- og Grafningshreppur

Orðin innantóm um ársreikning Hveragerðisbæjar

Um miðjan desember var fjárhagsáætlun Hveragerðisbæjar fyrir árið 2026 samþykkt. Í kjölfarið fór meirihluti Framsóknar og Okkar Hveragerðis mikinn og talaði um einstaka fjárhagsáætlun sem sýndi ábyrgan rekstur og lækkun skulda. Í bókun meirihlutans frá bæjarstjórnarfundum í nóvember var síðan talað um „stórsókn“ í hinum ýmsu málaflokkum, í fjölskyldumálum, félagslegu húsnæði og uppbyggingu leikskóla, en þegar áætlunin er skoðuð er þessi orðræða lítt í takt við efnið. Dæmi hver fyrir sig hvort hugtakið „stórsókn“ eigi við um kaup á einni félagslegri íbúð.

Þá er lítið um raunverulegt aðhald í rekstri og því er í heild ekki hægt að tala um ábyrgan rekstur líkt og meirihlutinn hefur haldið fram. Ekki er brugðist við hækkun aðfanga og launa og jafnvel er gert ráð fyrir fjölgun starfsmanna og nefndarfundum sem eykur kostnað í stað þess að fara ábyrga leið og draga úr honum.

Áframhaldandi skuldsetning

Skuldsetning Hveragerðisbæjar á yfirstandi kjörtímabili ætti að vera íbúum mikið áhyggjuefni. Þannig hafa skuldir og skuldbindingar Hveragerðisbæjar á kjörtímabilinu hækkað úr 5.8 milljörðum kr. í lok árs 2022 og stefnir í að vera um 10 milljarða kr. í lok árs 2026. Samkvæmt fjárhagsáætlun verður skuldaviðmið samstæðu í 117,2%. Meirihlutinn hefur haft uppi fullyrðingar um að skuldir séu á niðurléið, en þær fullyrðingar standast því ekki þegar hækkun á skuldum og skuldbindingum sveitarfélagsins er skoðuð á þessu kjörtímabili.

Lítill sem engin uppbygging innviða

Þrátt fyrir aukna skuldasöfnun á kjörtímabilinu hefur lítið gerst í uppbyggingu innviða í Hvera-

Friðrik
Sigurbjörnsson
Bæjarfulltrúi
D-listans í
Hveragerði



Alda Pálsdóttir
Bæjarfulltrúi
D-listans í
Hveragerði



gerði. Uppbygging grunnskólans hélt áfram á þessu kjörtímabili líkt og meirihluti D-listans hafði undirbúið á síðasta kjörtímabili.

Leikskólinn Óskaland var stækkaður, en um leið gerður gríðarlega óhagstæður leigusamningur við Fasteignafélagið Eik til 50 ára eða ársins 2074. Leigan samkvæmt nýjum viðauka er 4.523.594 krónur á mánuði og miðað við stærð viðbyggingarinnar jafngildir það um 7.540 krónur á fermetra, tæplega þrefalt markaðsverð atvinnuhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu. Með stækkuninni bættust við einungis þrjár deildir, en kostnaður við byggingu viðbyggingarinnar var sá sami og nýr fullbyggður 6 deilda leikskóli hefði verið.

Enn bolar ekkert á nýju fráveitumannvirki, samt tala fulltrúar meirihlutans líkt og það mannvirki sé risið. Þá hefur uppbygging fyrir íþróttaiðkun gengið heldur brösuglega, en það var eitt helsta kosningaloforð beggia flokka í meirihluta, að hér í bæ yrði risið nýtt íþróttahús fyrir lok kjörtímabilsins. Tillaga D-listans um 700 fermetra æfingarsal við núverandi íþróttahús var breytt í sameiginlega tillögu bæjarstjórnar. Sú tillaga hefur bólgnað út á síðustu mánuðum og kostnaður við bygginguna aukist enn frekar. Ljóst er að sú upphæð sem er sett í áætlun fyrir þá framkvæmd næstu þrjú árin virðist ekki duga fyrir núverandi kostnaðaráætlun.

Til viðbótar við þetta var ákveðið að fara í uppbyggingu á gervigrasvelli upp í dal. Sú framkvæmd hefur ekki heldur

staðist tímaáætlun og ekki víst að völlurinn verði tilbúinn til notkunar fyrr en seint í vor eða byrjun sumars. Nú er byrjað að byggja ný íbúðarhús í Kambalandi, en þar er gatnagerðin ekki enn búin og því enn ein framkvæmdin þar sem tímaáætlanir hafa ekki gengið eftir.

Álögurnar og fasteignagjöldin hækka

Miðað við fjárhagsáætlun virðist að litlu leyti eiga að standa við samþykkt bæjarráðs frá því síðasta sumar. Þar var tillaga fulltrúa D-listans um að lækka álagningarhlutfall fasteignagjalda á íbúða- og atvinnuhúsnæði og að fækka gjalddögum að nýju úr 11 í 10 samþykkt. Meirihlutinn gaf út villandi skilaboð til bæjarbúa eftir bæjarstjórnarfund í desember þar sem því var haldið fram að álagningarhlutfall fasteignagjalda væri að lækka, sem þau gera að litlu leyti, og þar með væru fasteignagjöldin líka að lækka. Hið rétta er samt að fasteignagjöldin á íbúa Hveragerðis munu hækka um 6-8% sé miðað við að fasteignamat íbúða hækki í takt við meðal hækkun fasteignamats í Hveragerði fyrir árið 2026. Þá hækka öll önnur gjöld sem eru inni í fasteignagjöldunum eins og vatnsgjald, fráveitugjald og sorphirðugjald.

Það var svigrúm til að lækka fasteignagjöldin eins og sést í framlagðri fjárhagsáætlun þar sem gert er ráð fyrir að skila afgangi upp á yfir 500 milljónir króna, en meirihlutinn ákvað að nýta sér það ekki. Hvorki til að minnka lántökur, lækka skuldir eða lækka álögur á íbúa Hveragerðisbæjar.

Ása Lind Wolfram er íþróttamaður Hveragerðisbæjar 2025

A freksfólk Hveragerðisbæjar í íþróttum var heiðrað við hátíðlega athöfn í Listasafni Árnesinga á þrettándanum þar sem Ása Lind Wolfram körfuboltamaður var kjörin íþróttamaður ársins 2025. Við sama tækifæri voru veittar viðurkenningar til íþróttafólks sem hefur skarað fram úr á liðnu ári með stórum titlum eða þátttöku í landsliði.

Ása Lind er Hvergerðingur og uppalin í Íþróttafélaginu Hamri Hveragerði. Undanfarin ár hefur hún spilað körfubolta með Aþenu, nú síðast í Bónus deildinni sem er efsta deildin á Íslandi.

Síðastliðið sumar var Ása Lind valin í U-20 ára landslið Íslands í körfubolta sem spilaði í A deild Evrópumótsins. Liðið náði frábærum árangri og komst í 8 liða úrslit A deildar, en liðið var í fyrsta sinn að spila í deild hinna bestu. Ása Lind var einn af lykilleikmönnum liðsins sem náði þessum sögulega árangri. Nú í sumar gerði hún samning við Idaho State í Bandaríska háskólaboltanum. Þar stundar hún nám og spilar körfubolta við bestu aðstæður í Big Sky hluta fyrstu deildar bandaríska háskólaboltans.

Eftir frábært sumar með U-20 ára landsliði Íslands sem náði sögulegum árangri í A deild Evrópumótsins og með því að tryggja sér skólavist með fullum skólastyrk í efstu deild Bandaríska háskólaboltans er Ása Lind vel komin að þeirri viðurkenningu að vera íþróttamaður Hveragerðisbæjar fyrir árið 2025.

Menningar-, atvinnu- og markaðsnefnd Hveragerðisbæjar tekur við tilnefningum í lok hvers árs og velur íþróttamann ársins. Eftirfarandi íþróttamenn fengu viðurkenningu fyrir afrek sín á árinu 2025:

- Ása Lind Wolfram**
Viðurkenning fyrir þátttöku í U20 landsliði Íslands í körfuknattleik
- Eric Máni Guðmundsson**
Viðurkenning fyrir Íslandsmeistaratitil (MX2) og þátttöku í landsliði Íslands í motocrossi
- Hafsteinn Valdimarsson**
Viðurkenning fyrir þátttöku í A-landsliði Íslands í blaki
- Kristján Valdimarsson**
Viðurkenning fyrir þátttöku í A-landsliði Íslands í blaki
- Hrund Guðmundsdóttir**
Viðurkenning fyrir Íslandsmeistaratitil í badminton
- Þórhallur Einisson**
Viðurkenning fyrir Íslandsmeistaratitil í badminton
- Hulda María Hilmsdóttir**
Viðurkenning fyrir Íslandsmeistaratitil í badminton
- Brynjar Óðinn Atlason**
Viðurkenning fyrir þátttöku í landsliði U17 í knattspyrnu
- Markús Andri Martin**
Viðurkenning fyrir þátttöku í landsliði U16 og U17 í knattspyrnu
- Anna Guðrún Halldórsdóttir**
Viðurkenning fyrir Evrópumeistaratitil í ólympískum lyftingum



Mynd: Ívar Sæland

Fjármála- og skrifstofustjóri

Rangárþing eystra óskar eftir að ráða skipulagðan og drífandi einstakling í starf fjármála- og skrifstofustjóra. Fjármála- og skrifstofustjóri er staðgengill sveitarstjóra og hefur yfirumsjón með fjármálum og daglegum rekstri skrifstofu sveitarfélagsins. Um fjölbreytt framtíðarstarf er að ræða í sveitarfélagi þar sem mikil uppbygging á sér stað.



Helstu verkefni og ábyrgð

- Ábyrgð á rekstri og daglegri fjármála- og skrifstofustjórn
- Ábyrgð á fjárstýringu, fjárreiðu, reikningshaldi og innkaupum
- Ábyrgð á fjárhagsáætlanagerð og uppgjörum
- Umsjón með mannauðsmálum
- Þátttaka í umbótavinnu og stefnumótun í samræmi við markmið sveitarstjórnar
- Umsjón með fundarritun, upplýsingaöflun og ráðgjöf til sveitarstjórnar vegna stjórnvaldsákvæðana

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun er kostur
- Haldgóð reynsla af fjármálastjórnun, reikningshaldi og áætlanagerð
- Þekking og áhugi á mannauðsmálum
- Reynsla af skjalamálum er kostur
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur
- Leiðtogaþæfni og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, skipulagshæfni og sveigjanleiki
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti

Í Rangáringi eystra búa ríflega 2200 manns og nær sveitarfélagið frá Eystri-Rangá í vestri til Jökulsár á Sólheimasandi í austri. Skrifstofa sveitarfélagsins er staðsett á Hvolsvelli og í húsnæðinu er fjölbreytt og lífleg atvinnustarfsemi. Nánari upplýsingar um Rangárþing eystra má finna á www.hvolsvollur.is.

Umsóknarfrestur er til og með 26. janúar 2026.

Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf henni að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi í starfið. Umsóknir gilda í sex mánuði frá dagsetningu auglýsingar. Öll áhugasöm eru hvött til að sækja um starfið. Laun eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Norden Cup meistarar 2025

Það er óhætt að fullyrða að árið 2025 verður eftirminnilegt ár fyrir 2011 strákana í handboltanum á Selfossi. Eftir glæsilegt keppnistímabil þar sem liðið tryggði sér bæði Íslands- og bikarmeistaratitla í 5.flokki (eldra ár), héldu þeir utan til Gautaborgar milli jóla og nýárs til að taka þátt í Norden Cup 2025.

Norden Cup er mót þar sem aðeins lið sem hafa sýnt framúrskarandi árangur í sínum löndum eða svæðum á Norðurlöndunum fá boð um þátttöku. Ferðin var því ekki aðeins keppnisverkefni heldur einnig viðurkenning fyrir strákana og á því starfi sem unnið hefur verið í kringum þennan öfluga hóp á Selfossi. Á mótinu mæta jafnan um 2000 keppendur og liðin koma víðs vegar að af Norðurlöndum.

Sterk byrjun – og skemmtileg stemning

Ferðin hófst snemma þann 26. des. með smávægilegri seinkun á flugi en eftir það gekk ferðalagið út eins og í sögu og strákarnir komu sér fyrir í Gautaborg.

27. des var tekinn snemma í morgunmat og undirbúningi en svo var létt á spennunni og farið í Liseberg skemmtigarðinn þar sem fyrsti leikur var ekki fyrr en í lok dags. Í fyrsta leik mótsins mættu þeir Halmstad. Byrjunin var róleg, bæði lið að finna taktinn og aðlaga sig að dómurum og andstæðingi, en varnarleikur Selfyssinga þéttist hratt og auðveld mörk fóru að detta inn. Lokatölur urðu öruggur sigur, 18–29 – frábær byrjun á mótinu.

Fullt hús í riðli – fagmennska og yfirvegur

Á öðrum degi voru tveir leikir á dagskrá. Fyrst mættu strákarnir Álgård í uppgjöri liðanna sem höfðu unnið sína leiki á fyrsta degi. Þetta var sterkur andstæðingur sem Selfoss hafði mætt árið áður, en strákarnir sýndu góðan leik og áttu frábæran seinni hálfleik og unnu 21–26.

Í síðari leik dagsins mættu þeir Linköping, leik sem gat verið varasamur þar sem þeir höfðu ekki enn unnið leik á mótinu og komu ákveðnir til leiks. En Selfyssingarnir sýndu yfirvegur, spiluðu fagmannlega og kláruðu örugglega 27–22. Liðið náði líka að rúlla vel á mannskapnum og jafnvel markmaðurinn Halldór fékk hvíldar-



Efri röð frá vinstri: Aron Darri Auðunsson, Einar Ben Sigurfinnsson, Halldór Steinar Benjaminsson, Gabriel Fannar Ólafsson, Hrafn Óli Larsen, Magnús Tryggvi Birgisson og Arni Ísleifsson. Neðri röð frá vinstri: Daniel Hilmar Hilmarsson, Sölvi Berg Auðunsson, Ólafur Eldur Ólafsson og Óðinn Freyr Hallsson.

tíma þegar hann fékk tveggja mínútna og þá sýndi Einar Ben sýndi skemmtileg tilþrif í ramm-anum.

Með þessum úrslitum var ljóst að Selfoss vann riðilinn með fullt hús stiga og tryggði sér sterka stöðu inn í útsláttarkeppnina.

Útsláttarleikir: kraftur, hraði og stórsigur

Í átta liða úrslitum mættu þeir Stjórnnunni og mátti búast við hörkuleik þar sem þessi lið háðu harða baráttu um Íslandsmeistaratitilinn í vor. Stjarnan byrjaði betur, en þeir vínrauðu fundu fjölinna sína, leiddu 11–8 í hálfleik og héldu síðan áfram af fullum krafti í seinni hálfleik. Lokaniðurstaða: stórsigur 22–14 og sæti í undanúrslitum tryggt. Þar beið sænska liðið Alingsås, sem einnig hafði unnið sinn riðil með fullt hús stiga. Leikurinn byrjaði með miklum hraða sem okkar menn voru meira en til í og réðu Svíarnir á endanum ekki við hraðann. Okkar strákar leiddu 17–12 í hálfleik og héldu síðan áfram að keyra og endaði með öruggum sigri, 34–22.

Þar með var ljóst að Selfoss var komið í úrslit í flokki 2011 drengja.

Úrslitaleikur og gullið heim

Í úrslitum mættu þeir Kungälv HK, sterku liði frá Vestur-Gautlandi sem hafði sýnt mikinn styrk og voru ríkjandi Norden Cup meistarar frá árinu á undan. Selfyssingarnir fóru vel af stað, en snemma leiks varð liðið fyrir áfalli þegar Gabriel meiddist en

aðrir stigu upp og héldu strákarnir dampi en voru marki undir í hálfleik.

Í seinni hálfleik fékk örvhent skytta Svianna rautt spjald eftir klaufalegt brot og eftir það var meira stress hjá heimamönnum og Selfyssingar gengu á lagið, spiluðu af festu og kláruðu leikinn af öryggi - lokatölur: 30–21.

Með þessum sigri urðu strákarnir fyrsta liðið frá Selfossi til að vinna gull á Norden Cup – frábær árangur hjá strákunum og þjálfarateyminu.

Framtíðin björt

Segja má að strákarnir eigi hrós skilið eftir þessa ferð, þeir unnu alla sína leiki á mótinu, tryggðu sér Norden Cup titilinn og voru féluginu til sóma í alla staði. Ferðin var einnig dýrmæt reynsla fyrir hópinn, bæði innan vallar og utan – og mikilvægur liður í að byggja enn sterkari grunn til framtíðar.

Sérstakar hamingjuóskir fa strákarnir og þjálfarateymið sem fylgdi þeim, Arni Ísleifs og Aron Darri, fyrir frábæran árangur og faglega vinnu sem skilaði sér alla leið í gullið.

Þakkið til stuðningsaðila

Svona verkefni væru ekki möguleg án öflugs stuðnings og vill liðið, þjálfarar og foreldrar færa öllum þeim fyrirtækjum og einstaklingum sem styrktu ferðina bestu þakki fyrir frábæran stuðning – hann skilar sér beint inn á völinn og hjálpar strákunum að safna ómetanlegri reynslu.

Aðsend grein



Grillaður steinbítur

Kristbjörg Bjarnadóttir er sunnlenski matgæðingur vikunnar.

Góðan og blessaðan daginn. Takk innilega fyrir áskorunina minn kærri tengdasonur.

Fiskur er minn uppáhalds matur, þannig að ég deili hér með ykkur uppskrift að grilluðum steinbít og bökðuðum kartöflum.

Grillaður steinbítur

Ca 500 gr steinbítur
2 cm engiferrót
3 stk. hvítlauksrif
1 msk. sítróna
1/2 bolli soyjasósa
1 tsk salt.

Öllu blandað saman, fiskurinn skorinn í bita og lagður í lögina ca 2 klst fyrir notkun.

Firið upp í grillinu og skellið fiskinum á grillið í nokkrar mínútur.

Bakaðar kartöflur
Kartöflur skornar og krydd-



aðar með salti og pipar velt upp úr smá olíu.

Bakaðar við 180 °C í ca 40 mínútur.

Sósa
Ca. 300 gr. kotasæla
3 msk. grísk jógúrt
3 hvítlauksrif
1 msk. steinselja.

Gott að hafa salat með, úr besta hráefni hvers tíma. Njótið kæru vinir.

Ég skora á stór vin minn Sölva Hilmarsson kokk að vera næsta matgæðing.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



Ljóð vikunnar

NÝÁRSHEIT

Munið þann tíma ársins þegar framtíðin birtist eins og óskrifað blað, hrein dagbók, nýtt tækifæri. Þú undrast ný fótspor í djúpum hvítum snjó og horfir svo á þau hverfa með hressilegri vindhviðu. Fyllum glösin. Skál fyrir okkur. Nýársheit til að brjóta, eða standa við. Úr A Poem For Every Day Of The Year

Jackie Kay, Skotlandi

Þór Stefánsson þýddi. Mynd: Yongsung Kim, Kóreu



Útgefandi: Prentmet Oddi, Gagnheiði 17, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Blaðamaður: Sæbjörg Erla Gunnarsdóttir, sími 482 1944, saebjorg@dfs.is.
Auglýsingaeldi: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 4.500 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.
Prentun: Prentmet Oddi
ISSN 1670-407X Svansvottuð prentsmíða

Gáta vikunnar

Staddur oft í stofu er,
stjórnar ljósi og myrkri.
Lætur heyrast hærra hér,
heyrist í mælingu styrkri.

Svar við gátu í blaði 2834: HORN

1. Hrutshorn - 2. Teiknað horn
3. Skóhorn - 4. Franskt horn, málmblasturshljóðfæri





Meðfylgjandi myndir eru teknar í jólaþjófinu sem var haldið á síðustu æfingunni fyrir jól en þar mættu góður gestir sem spreyttu sig í hinum ýmsu þrautum.

Hreyfifjör UMFS/Suðra í Baulu á sunnudögum

Hreyfifjör UMFS/Suðra fer fram í íþróttahúsinu Baulu á sunnudögum kl. 13:00–14:00. Tímarnir eru sérstaklega hannaðir fyrir börn sem þrífast ekki í hefðbundnu íþrótt- og tómstundastarfi, sem og fyrir börn með fatlanir eða taugabroskaraskanir. Lögð er áhersla á gleði, öryggi og að hvert barn fái að njóta hreyfingar á sínum forsendum.

Framundan eru Stjörnuleikar Allir með, sem verða haldnir laugardaginn 7. Febrúar kl. 13:00 í íþróttahúsinu Vallskóla. Þar fá þátttakendur tækifæri til að taka þátt í skemmtilegum leikjum og hreyfingu í hvetjandi og jákvæðu umhverfi. Stjörnu-

leikarnir og Hreyfifjörrið er unnið í góðu samstarfi við deildir innan UMFS sem taka þátt og kynna sínar greinar.

Aðgangur er ókeypis og allir áhugasamir eru hvattir til að taka þátt.

Nánari upplýsingar veitir Ása Björg í síma 697 3828 eða asabjorg76@gmail.com.



HARPA
ÚTFARARSTOFA

Kirkjulundur 19
Garðabær
harpa@harpautfor.is
harpautfor.is



Harpa Heimisdóttir
842 0204



Brynja Gunnarsdóttir
821 2045

ÞORRABLÓT FRAMSÓKNAR Í ÁRBORG

Blótið verður haldið 23. janúar í sal Framsóknar, Eyra­vegi 15
Húsið opnar kl 19:00

Miðafjöldi takmarkaður, fyrstir koma fyrstir fá.

Skráning í síma 693-6793 (Kolbrún) eða á kolbrunjulio@gmail.com
Skráning verður staðfest við greiðslu á miða
Miðaverð 8900,- kr.
Reikningsnúmer 0325-26-002424
Kennitala 451094-2899

MADUR ER MANNS GAMAN!
Hlökkum til að sjá ykkur!
Framsókn í Árborg



**ORLOFSHÚS
BÁRUNNAR STÉTTARFÉLAGS
UM PÁSKA 2026**

Báran, stéttarfélag auglýsir orlofshús félagsins laus til umsókna fyrir páskavíkuna 1. apríl – 8. apríl 2026.

Umsóknarfrestur er frá 14. janúar kl.10:00 til 28. janúar kl. 10:00.
Hægt er að sækja um á Félagsvef Bárunnar.

Úthlutun orlofshúsa verður tilkynnt 30. janúar kl. 11:30.

Greiðslufrestur: Lýkur 5. febrúar kl.13:00

Verð á vikudvöl í Þverlág 2, 4 og 6, Grýluhrauni er 28.000 kr. (24 punktar).
Verð á vikudvöl í Þórisstöðum 1 og 2 og orlofsíbúð á Akureyri er 32.000 kr. (24 punktar).

Leigutímabil er frá miðvikudegi til miðvikudags.

Öllum umsóknum verður svarað.

Ógreiddar og óúthlutaðar vikur verða opnaðar á Félagsvef Bárunnar 5. febrúar 2026 kl. 13:00.

Íbúðir í Sóltúni 28 og Borgartúni 24A eru í sveigjanlegri leigu.



BÁRAN
STÉTTARFÉLAG
STOFNAD
25. JÚNÍ 2002

Báran, stéttarfélag | Austurvegi 56, 800 Selfoss | Sími 480 5000 | baran@baran.is | www.baran.is

**Óskum eftir
nýjum nágrönnum**



Bergþórugerði
örstutt í alla: sund, íþróttir,
verslun, skóla, bókasafn,
apótek, heilsugæslu, leikskóla

lausar íbúðarlóðir á Hvolsvelli
Velkomin heim



**Lausar lóðir til
úthlutanir í
Rangárþingi eystra**

Rangárþing eystra auglýsir hér með eftirfarandi einbýlishúsalóðir á Hvolsvelli, lausar til úthlutunar:

- Bergþórugerði 2
- Bergþórugerði 4
- Bergþórugerði 6
- Bergþórugerði 8
- Bergþórugerði 18
- Bergþórugerði 20
- Bergþórugerði 22
- Hallgerðartún 24
- Hallgerðartún 28
- Hallgerðartún 61

Bergþórugerði er nýtt 90 íbúða hverfi á Hvolsvelli, vestan við Hallgerðartún. Hverfið er með fjölbreytt íbúðamynstur; einbýli, parhús og fjölbýlishús. Lóðirnar verða tilbúnar til afhendingar 15. apríl 2026.

Umsóknareyðublað, nánari upplýsingar um lóðirnar og skipulagsskilmála má nálgast á heimasíðu Rangárþings eystra, www.hvolsvollur.is og á viðtalstíma skipulags- og byggingarfulltrúa. Við úthlutun lóðanna verður farið eftir úthlutunarreglum lóða í Rangárþingi eystra og samþykkt um gatnagerðargjöld. Umsóknarfrestur er frá 9. janúar, til og með 25. janúar 2026. Umsóknum skal skilað rafrænt í gengum heimasíðu sveitarfélagsins.

F.h. Rangárþings eystra
Þóra Björg Ragnarsdóttir, skipulags- og byggingarfulltrúi

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Mánudaga kl. 11-14
Opíð hús

Þriðjudaga kl. 11-13
Upprekjur

Þriðjudaga kl. 14-16
Unga fólkið

Miðvikudaga kl. 11-14
Opíð hús

Fimmtudagar lokað
Viðburðir auglýstir sérstaklega á
Brossiðunni

Föstudaga kl. 11-13
Opíð hús

Fyrsta þriðjudag í mánuði
Karlahópurinn Smáranir kl. 18

Eyravegur 31, Selfossi
Sími 482 1022 og 788 0300
arnessysla@krabb.is
krabbameinsfelagarnessyslu.net

Facebook: Krabbameinsfélag
Árnessýslu/Brossið/Smáranir

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum í
Hrísholti 8. Nýliðafundur kl.
20:00. Fundur kl. 20:30.

AA

Mán. kl. 20:30 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opin fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedziałek i czwartek i sobota
godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800
Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, neðri
hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

KIRKJA

Skálholtsdómkirkja

Messa kl. 11. Syngjum einfalda
og hlýja sálma frá Taizé-
samfélaginu á ólíkum tungumál-
um. Barnaborðið er alltaf á sín-
um stað. Sr. Kristín Þórunn
Tómasdóttir sóknarprestur
þjónar. Innilega velkomin.

Aðventistar

Guðsþjónusta laugardaginn 17.
janúar klukkan 11:00. Barna og
unglingastarf á sama tíma.
Safnaðarheimili Sjöundadags
Aðventista Eyravegi 67 -
Selfossi. Allir hjartanlega vel-
komnir.

Hveragerðiskirkja

Sunnudaginn 18. janúar kl. 11.
Guðsþjónusta í Hveragerðis-
kirkju. Kirkjukór Hveragerðis- og
Kotstrandarsókna leiðir söng
undir stjórn Miklós Dalmay. Séra
Salvar Geir Guðgeirsson þjónar
fyrir altari.

Kotstrandarkirkja

Sunnudaginn 18. janúar kl. 20
Kvöldguðsþjónusta í Kot-
strandarkirkju. Kirkjukór Hvera-
gerðis- og Kotstrandarsókna
leiðir söng undir stjórn Miklós
Dalmay. Séra Salvar Geir
Guðgeirsson þjónar fyrir altari.

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL

Opin fimmtudaginn
15. janúar kl. 13:00-14:30

OPIÐ HÚS

Fim. 15. janúar kl. 14:45
Visnaspjall
Unnur Halldórsdóttir
og Gísli Skúlason

Kaffihlaðborð kvenfélagsins
Verð 1.500 kr.

Vöflukaffi

Fyrsta vöflukaffi ársins
verðu haldið laugardaginn
17. janúar kl. 11-12 að
Eyravegi 15. Gestur verður
Lilja Rannveig
Sigurgeirsdóttir ritari
Framsóknarflokksins.



ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir
SELFÖSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

Fjárheimar ehf.

Eyravegi 37, 2h - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

HEILSA

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn
meðhöndlun



Yoga Nidra byrjar
9. feb. kl. 17:00
11. feb. kl. 17:30
13. feb. kl. 10:00

Ragnhildur
Sigurðardóttir
Sími 693 2197
ragnhildurgagga.is

Cand.mag. í þróttfræðum,
nálastungur, yoga,
NLP-master/coach,
heilsuuddari,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.

Heilsa

Mörg heilsuvandamál stafa af
óhollu matarræði, skorti á
hreyfingu og neikvæðu
hugarfari.

Ég býð núna upp á stutt
námskeið fyrir einstaklinga,
fjölskyldur og litla hópa um
bætta heilsu með gönguferðum
eða öðrum æfingum, með hollu
og einföldu matarræði og
aðferðum til að minka stress og
áhyggjur.

Er einnig með augnlestur sem
getur sagt margt um stöðu
heilsunnar; líkamlega og
andlega. Er líka með
svæðanudd, nudd og dáleðslu.
Heiðar Ragnarsson s. 898 1501
sms eða símtöl (ef ég næ ekki
að svara, sendið þá sms).

Pennasala Félags heyrnarlausra

Í janúar munu heyrnarlausir
Ísölumenn á vegum Félags
heyrnarlausra heimsækja bæjar-
félög á Suðurlandi og hefja sölu
veglegra penna. Söfnunin er til
styrktar Norrænni menningahá-
tíð heyrnarlausra sem haldin
verður á Selfossi dagana 29. júlí
til 2. ágúst næstkomandi sumar.
Búið er við allt að 400 þátt-

takendum alls staðar af Norður-
löndunum og verða menning og
listir og sviðslistir allsráðandi
á hátíðinni ásamt fyrirlestrum
og málstofum auk þess sem
öflug barnadagskrá er í boði á
meðan foreldrar sækja viðburði
en áætlaður heildarkostnaður
við hátíðina er um 27 milljónir
króna. Skipuleggjendur vonast



eftir hlýjum móttökum þegar
sölumennirnir koma í heimsókn
og þakka fyrirfram fyrir stuðn-
inginn.



Nýsköpun & ný tengsl – Hringferð um landið

Í þriðju viku janúar halda
KLAK – Icelandic Startups,
Íslandsstofa, Tækniþróunarsjóður
og Vísindagarðar í sameigin-
lega hringferð um landið undir
yfirskriftinni „Nýsköpun og ný
tengsl – hringferð um landið“. Haldnir verða kynningarfundir
ásamt staðbundnum samstarfs-
aðilum fyrir alla þá sem hafa
áhuga á að setja af stað verkefni
í nýsköpun eða þróa viðskipta-
hugmynd.

Hringferðin fer fram dag-
ana 19.–26. janúar 2026 og
verður stoppað á átta stöðum
viðs vegar um landið, þar á
meðal á Selfossi.

Mánudaginn 19. janúar verður
haldinn opin kynningar-
fundur í Fjölbheimum á Selfossi
kl. 11:00–13:00. Viðburðurinn
er haldinn í samstarfi við Há-
skólafélag Suðurlands, SASS og
Orkídeu.

Á viðburðinum verða fjögur
15 mínútna erindi, þar sem
þátttakendur fá kynningu á því
stuðningsumhverfi sem stendur
til boða.

KLAK – Icelandic Startups
er meðal fremstu stuðnings-
aðila nýsköpunar í Evrópu
samkvæmt Financial Times.
KLAK rekur öfluga og metn-
aðarfulla dagskrá allt árið
sem miðar að því að styrkja
einstaklinga með hugmyndir
og fyrirtæki í vexti með
fræðslu, tengslaneti og mark-
vissum stuðningi. Fulltrúi
KLAK segir frá þeirri þjón-
ustu sem félagið býður upp á
þátttakendum að kostnaðar-
lausu.

Íslandsstofa sinnir markaðs-
setningu fyrir Ísland og ís-
lenskar útlutningsgreinar og
styður íslensk fyrirtæki í sókn
á erlenda markaði. Þeirra

erindi fjallar um aðgang að
alþjóðamörkuðum, erlenda
fjármögnun og hvernig á að
byggja upp markvisst tengsl-
anet sem nýtist í uppbygg-
ingu fyrirtækja.

Tækniþróunarsjóður styður
fjölbreytt nýsköpunarverk-
efni með styrkjum frá hug-
myndastigi til markaðsvæð-
ingar. Sjóðurinn býður m.a.
upp á Fræ, Sprota-, Vöxt- og
Markaðsstyrki og styður
einnig einkaleyfa- og rann-
sóknarverkefni.

Á Vísindagörðum blómstrar
samfélag þar sem háskólar,
fyrirtæki og rannsóknarstofn-
anir vinna saman að skapandi
lausnum á helstu áskorunum
samfélagsins. Í erindi Vís-
indagarða verður fjallað um
stuðningsumhverfi garðanna
með sérstakri áherslu á tæki-
færi og vaxtarmöguleika í
Mýrinni, samfélagi frum-
kvöðla. Þá verður kynnt upp-
bygging á nýju djúptækni-
setri, sérhæfðri aðstöðu fyrir
vísindalega nýsköpun.

Að loknum erindum gefst tími
fyrir spurningar, samtal og
tengslamyndun, þar sem gestir
geta rætt sín verkefni, fengið
ráðgjöf og tengst beint fulltrúum
allra stofnananna.

Markmið hringferðarinnar er
að auka aðgengi að upplýsingum
og stuðningi og byggja ný tengsl
milli frumkvöðla, fyrirtækja og
aðila í nýsköpunarumhverfinu.

Kynningarfundurinn á Sel-
fossi næstkomandi mánudag er
opin öllum og ókeypis og er
sérstaklega ætlaður þeim sem
eru með viðskipta- eða nýsköp-
unarhugmyndir – hvort sem er
á fyrstu stigum eða tilbúin að
sækja á nýja markaði.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands hlýtur netöryggisviðurkenningu Aftra

Heilbrigðisstofnun Suðurlands hlaut netöryggisviðurkenningu Aftra fyrir góðan árangur í netöryggisátaki.

Netöryggisfyrirtækið Aftra efndi til öryggisátaks sem stóð yfir í fjórar vikur og fól í sér markvissar öryggisáskoranir. Allir þátttakendur bættu öryggiseinkunn sína, sem er mælikvarði Aftra á það hversu vel tekst að draga

úr eigin áhættu gagnvart netárásum. „Netöryggi er lykilatriði í starfsemi Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, enda vinnum við með viðkvæmar upplýsingar og mikilvæg innviði,“ segir Daði Már Sigurðsson, deildarstjóri upplýsingatæknisviðs. „Þátttaka í netöryggisátaki Aftra var bæði gagnleg og lærdómsrík og gaf okkur tækifæri til að styrkja enn frekar ör-

yggisvitund og verkleg innan stofnunarinnar. Við erum stolt af því að hljóta þessa viðurkenningu og teljum hana staðfesta að við séum á réttri leið.“ Viðurkenning Aftra er veitt þeim fyrirtækjum og stofnunum sem sýna fram á virka þátttöku og áþreifanlegan árangur í netöryggismálum og er liður í því að efla almenna vitund og ábyrgð í netöryggi hér á landi.



Brad Egan og Daði Már Sigurðsson. Mynd: HSU.

Jón Arnar í Heiðurshöll ÍSÍ

Sunnlend-
Singurinn
Jón Arnar
Magnússon
var laugardag-
inn 3. janúar
útnefndur í
Heiðurshöll



Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, en framkvæmdastjórn ÍSÍ samþykkti útnefninguna einróma á fundi sínum í nóvember síðastliðnum. Jón Arnar er 27. íþróttaamaðurinn sem útnefndur er í Heiðurshöllina og fyrsti íþróttaamaðurinn af sambands-svæði HSK sem hlotnast þessi heiður.

Afhending viðurkenningarinnar fór fram þegar úrslit úr kjöri Samtaka íþróttafréttamanna um Íþróttamann ársins 2025 voru tilkynnt.

Jón Arnar Magnússon er fæddur 28. júlí 1969. Hann hóf snemma keppni í frjálsíþróttum og varð strax sigursæll. Jón Arnar varð Norðurlandameistari í tugþraut árið 1988 í Svíþjóð. Ári síðar fékk hann fimm gullverðlaun í flokki 15-22 ára á Íslandsmeistaramótinu.

Jón Arnar keppti á þrennum Ólympíuleikum, meðal annars í tugþraut á Ólympíuleikunum í Atlanta þar sem hann varð í 12. sæti með 8.274 stig, sem var nýtt Íslandsmet í greininni.

Meðal árangurs Jóns Arnars má nefna bronsverðlaun á EM innanhúss í sjöþraut árið 1996 og bronsverðlaun á HM innanhúss í sjöþraut 1997. Þá vann hann þrenn gullverðlaun og eitt brons á Smáþjóðaleikum 2001. Jón Arnar var kjörinn Íþróttamaður ársins 1996 og 1997.

Jón setti fjölda Íslandsmeta á sínum ferli og ennþá standa metin hans í 110 m grindarhlaupi frá 1997, tugþraut frá 1998, 60 m grindarhlaup innanhúss frá 2000, langstökk innanhúss frá 2000 og sjöþraut innanhúss frá 1999. Hann á sem sagt 25-28 ára gömul met sem enginn hefur enn slegið. Þá á hann einnig Íslandsmet í 50 m grindahlaupi frá 2000 og 300 m hlaupi frá 1994.

Jón Arnar setti fjölmörg HSK met á ferlinum og í dag á hann samtals 26 gildandi HSK met í fjölda greina. Það elsta er 46 ára gamalt, en árið 1980 stókk hann 1,40 metra í hástökki í flokki 11 ára drengja.



Hveragerðisbær

Aðalskipulag Hveragerðisbæjar 2025-2037 - heildarendurskoðun

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti á fundi sínum þann 8. janúar 2026 að auglýsa heildarendurskoðun á Aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2025-2037 með tilheyrandi fylgigögnum.

Markmið endurskoðunar aðalskipulags Hveragerðisbæjar er að tryggja sem besta samfellu í þróun svæða innan bæjarmarka, svo að nýting og uppbygging innviða geti átt sér stað í takt við fjölgun íbúa. Endurskoðun aðalskipulags er tilkomin vegna hraðari fjölgun íbúa en gildandi aðalskipulag gerði ráð fyrir, mótun samgöngustefnu ásamt því að veita Breiðumörk sérstaka athygli með rammaskipulagshluta vegna tilfærslu Suðurlandsveggar.

Aðalskipulag tekur mið af annarri stefnumótun bæjarins sem og Landsskipulagsstefnu og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Aðalskipulag Hveragerðisbæjar 2025-2037 liggur frammi á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar að Breiðumörk 20 frá og með 12. janúar 2026 og er aðgengileg á Skipulagsgátt sem og heimasíðu Hveragerðisbæjar.

Þau sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera skriflega athugasemd á Skipulagsgátt, skipulagsgatt.is, málsnúmer 162/2024, í síðasta lagi þann 1. mars 2026.

Deiliskipulagsbreyting hestúshverfis á Vorsabæjarvöllum vegna stækkunar hestúshverfis og golfvallar

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti á fundi sínum þann 11. desember 2025 að auglýsa deiliskipulagsbreytingu fyrir hestúshverfi og golfvöll sem er breyting á deiliskipulagi Hestúshverfis á Vorsabæjarvöllum.

Markmið með deiliskipulagsbreytingunni er að stækka bæði hestúshússvæði innan landnotkunarreitir 1þ1 í núgildandi aðalskipulagi og golfvöll innan landnotkunarreitir 1þ2, sem er stækkaður í tillögu að aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2025-2037 og auglýst er samhlíða. Tillaga að deiliskipulagsbreytingu stækkar mörk deiliskipulags, fjölgar lóðum fyrir hestúshús og skilgreinir byggingareit fyrir reiðhöll og reiti fyrir ýmis gerði, fjölgar golfbrautum innan bæjarmarka Hveragerðis og aðlagar reið- og gönguleiðir á svæðinu. Nær deiliskipulagsbreytingin einnig yfir aðstöðuhús Veitna vegna borholu sem samþykkt var á fundi 8. maí 2025 án auglýsingar og birt í B-deild þann 22. maí.

Þau sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera skriflega athugasemd á Skipulagsgátt, skipulagsgatt.is, málsnúmer 31/2026, í síðasta lagi þann 22. febrúar 2026.

Allar fyrirspurnir skulu berast á netfangið hildur@hveragerdi.is.

Skipulagsfulltrúi Hveragerðisbæjar

TIL SÖLU



- 30 ÁRA REKSTUR
- STERK MARKAÐSSTAÐA
- HEILDSTÆÐ ÞJÓNUSTA
- MÖGULEIKI Á LEIGU

www.olafur.is
oli@olafur.is
416-2220



Lögmannstofa
OLAFS BJÖRNSSONAR

Árborgarprestakall

Helgihald sunnudaginn 18. febrúar

Messa í Selfosskirkju kl. 11.

Sr. Gunnar Jóhannesson þjónar fyrir altari. Kór Selfosskirkju leiðir safnaðarsönginn undir stjórn Edit Molnár organista. Sunnudagaskólinn hefst á sama tíma í safnaðarheimilinu undir stjórn Sjafnar æskulýðsfulltrúa og leiðtogum barnastarfsins.

Kvöldmessa í Stokkseyrakirkju kl. 20.

Sr. Gunnar Jóhannesson leiðir stundina. Gospelhljómsveitin Guðspjallið stígur á stókk og sér um tónlistina.

Þriðjudagssamverur hefst að nýju þriðjudaginn 20. janúar kl. 14. Gestur að þessu sinni verður Magnús Kjartan Eyjólfsson söngvari.

Barna- og unglingastarf Selfosskirkju er nú hafið að nýju eftir jólafrí og má finna allar upplýsingar um það á heimasíðunni okkar www.selfosskirkja.is.

Verið öll hjartanlega velkomin til góðra samverustunda í kirkjunum okkar.





Gagnheiði 17, 800 Selfoss | Sími 482 1944 | selfoss@prentmetoddi.is | www.prentmetoddi.is

ÖLL ALMENN SMÍÐAVINNA

LÖGGILTIR
HÚSASMÍÐAMEISTARAR

848 0964 899 0979
GÍSLI ÖRN

GBHUSEHF@GMAIL.COM



SÍMI: 848-0964



Framúrskarandi málningar-
þjónusta, vönduð vinnu-
brögð, góð samskipti og
sanngarnt verð.

Valdi málari

Sími 823 4522



HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600

www.heyarn.is


LÖGGILTUR

HÚSASMÍÐAMEISTARI

NÝSMÍÐI · VIÐHALD · BREYTINGAR

KARL S:692-2575

800SMIDI@GMAIL.COM



S: 692-2575

800 SMÍÐI EHF.

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir



Lagnir og Lausnir ehf

Ykkar óskir, okkar lausnir

Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is



Stíflubjónusta
Sævars Selfossi

Sími: 861 1919

stifla.selfoss@gmail.com

YFIR
20 ÁRA
REYNSLA

Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.



KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIÐI 9, SELFÖSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS



Raflagnir
Tölvulagnir
Ljósleiðaralagnir



Gagnheiði 26, Selfoss
480 3300 ■ www.trs.is



PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

Ökukennsla

Sniðið að þörfum hvers og eins.
Kennsla á íslensku eða ensku.



ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002

800lagnir@800lagnir.is

Lagnabjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími



stiflulosun.is

- Stíflulosanir
- Lagnamyndun / Ástandsskoðanir
- Sónum út Lagnir
- Lagnafóðrun
- Rotþrær
- Fitugildirur
- Sandgildirur
- Skólphreinsistöðvar
- Holræsaheinsun

ÁRATUGA REYNSLA
OG SÉRÞEKKING
Á FRÁVEITUMÁLUM

VIÐ ELSKUM
STÍFLUR!

VIÐ ÞJÓNUSTUM

EINSTAKLINGA
FYRIRTÆKI
HÚSFÉLÖG
SVEITAFÉLÖG



510-1180 / 669-8441

VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980



Vinnuvélanámskeið
á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is